



## **11. ársþing Héraðssambands Vestfirðinga 10. maí 2011** **Haldið í Stjórnsýsluhúsinu Ísafirði kl. 18:00**

### **Dagskrá**

1. **Þingsetning** var í höndum Jón Páls Hreinssonar, þing sett kl.18.15
2. **Kosning fyrsta og annars þingforseta**, stjórn HSV leggur til: Marinó Hákonarson og til vara Gylfi Gíslason. Það var samþykkt. Marinó tók við stjórn þingsins og stýrði því.
3. **Kosning fyrsta og annars þingritara**, stjórn leggur til Sigrúnu Sigvaldadóttir og til vara Erla Jónsdóttir. Það var samþykkt.
4. **Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar**, stjórn leggur til Svavar Þór Guðmundsson, Hermann Níelsson og Sigmundur Þórðarsson formaður. Þeir taka strax til starfa.
5. **Skýrsla stjórnar lögð fram**. Jón Páll Hreinsson formaður HSV fer með skýrslu stjórnar og stiklaði á helstu atriðum . Skýrslan lá fyrir á þinginu og er einnig inni á heimasíðu HSV. Jón sagði frá nýju upplýsingariti sem stjórn félagsins hafði unnið að með framkvæmdarstjóra HSV og væri ætlað að hjálpa nýjum stjórnnum og formönnum að komast inn í starfið. Fagnaði umsókn frá nýju félagi inn í HSV íþróttafélaginu Kubb, íþróttafélag eldri borgara í Ísafjarðarbæ. Fór yfir rekstur HSV sem er í járnnum. Jón sagði frá nýjum samningi við Ísafjarðarbæ og íþróttaskóla HSV sem byrjar í haust.

### **Lokaorð**

Ég hef orðið þeirra gæfu aðnjótandi á undanföllum árum að fá að kynnast fjölda fólks sem hefur gefið sig í félagsstarf á grundvelli ungmennafélagshreyfingarinnar. Það er

Þessi grunnhugsjón sem tengir okkur öll saman, viljin til að gefa vinnu sína til að bæta lífsskilyrði okkar allra.

Þessi sterka grasrót er grunnurinn að allri starfsemi Íþróttahreyfingarinnar í Ísafjarðarbæ og Súðavíkurbæ.

Þetta hljómar einfalt að segja „það eina sem við þurfum er sterk grasrót“, en því miður getur raunveruleikinn verið annar. Það er það tilfinning mín að mesta hættan sem að okkur steðjar, séu erfileikar í grasrótinni. Að færri og færri séu tilbúnir að taka þátt og gefa vinnu sína. Þetta getur leitt til þess að vinnan færist á sífellt færri hendur og verðum að lokum þeim einstaklingum um megn.

Hvað er til ráða veit ég ekki. Ég geri mér grein fyrir því að skamma ykkur sem hér sitja er ekki lausnin, en ég vona innilega að við náum að snúa þessari þróun við og byggja undir stjórnarstarfið og gera það spennandi. Nýjio upplýsingarbæklingurinn er vonandi einn þáttur í því að gera auðveldara að takast á við starf í stjórnnum aðildarféлага.

Um leið og ég vill þakka sérstaklega öllum þeim sem hafa lagt hönd á plógin í starfsemi aðildarféлага HSV, þá vill ég hvetja alla, ekki bara þá sem taka þátt í þessu ársþingi HSV. Heldur alla íbúa í Ísafjarðarbæ og Súðavíkurbæ til að taka þátt í starfsemi aðildarféлага HSV og leggja hönd á plóg.

Sterk grasrót er lykillinn að góðu og heilbrigðu samfélagi!

## **Íslandi Allt.**

Skýrslu stjórnar er að finna á heimasíðu HSV [www.hsv.is](http://www.hsv.is)

6. **Endurskoðaðir reikningar lagðir fram**, Maron Pétursson leggur fram reikninga HSV fyrir árið 2010, undirritaðir ársreikningar liggja fyrir þinginu, Maron fór yfir einstaka liði í ársreikningi.

7. **Ávörp gesta**, gestum seinkaði og tala síðar á þinginu

8. **Álit Kjörbréfanefndar**, Sigmundur Þórðarson formaður tók til máls og fór með álit kjörbréfanefndar og taldi upp fulltrúa hvers félags. 39 fulltrúar mættir.

Sundfélagið Vestri: Þuríður Katrín Vilmundardóttir og Guðbjörg Drengsdóttir

Skotíþróttafélag Ísafjarðarbæjar: Guðmundur Valdimarsson, Valur Richter og Rafn Pálsson.

Skíðafélag Ísafjarðar: Kristín Ósk Jónasdóttir, Martha Sigr. Örnólfsdóttir, Jóhanna Oddsdóttir, Fanney Pálsdóttir, Þórunn Pálsdóttir, Kristín Bjarnadóttir og Guðfinna Hreiðarsdóttir.

KFÍ: Guðni Guðnason, Sturla Stígsson, Birna Lárusdóttir, Dagný Geirsdóttir, Óðinn Gestsson.

Íþróttafélagið Stefnir: Svava Rán Valgeirsdóttir og Arnar Guðmundsson

Íþróttafélagið Ívar: Gylfi Þór Gíslason.

Íþróttafélagið Höfrungur: Jóhanna Jörgensen Steinsdóttir, Marinó Þórisson og Sigmundur Þórðarson.

Íþróttafélagið Grettir: Björn Gunnarsson og Jón Magnússon

Knattspyrnufélagið Hörður: Rúnar Brynjólfsson, Ólafur Kristinn Kristínarson, Hermann Níelsson.

Hestamannafélagið Stormur: Svala Björk Einarsdóttir.

GÍ: Tryggvi Sigtryggsson og Finnur Magnússon.

BÍ: Svavar Þór Guðmundsson, Hannes Haraldsson, Jón H. Pétursson, Gunnar Bj.Guðmundsson, Hákon Hermannsson og Samúel Samúelsson.

Blakfélagið Skellur: Sólveig Pálsdóttir.

Umf.Geisli: Laufey Þóra Friðriksdóttir.

9. **Staðfesting á aðild nýrra félaga,** Jón Páll fylgir þessu úr hlaði: Íþróttafélagið Kubbi, félag eldri borgara í Ísafjarðarbæ hefur óskað eftir inngöngu í Héraðssamband Vestfirðinga. Umsókn um aðild var tekin á stjórnarfundi HSV 19.apríl 2011 og samþykkt af stjórn HSV. Var umsóknin að fullu í samræmi við lög HSV og skilaði íþróttafélagið Kubbi inn skriflegri umsókn ásamt lögum félagsins, skrá yfir stofnfélaga, félagsmenn og stjórn. Farið er þess á leit að þingið samþykki umsókn félagsins. Marinó bar upp tillöguna um inngönguna og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

10. **Umræður um skýrslu stjórnar.** Enginn tók til máls um skýrslu stjórnar.

11. **Umræða og atkvæðagreiðsla um reikninga.** Reikningar merktir þingskjal nr.1. Enginn tók til máls um reikningana og voru þeir samþykktir samhljóða.

## 12. Kosning í nefndir

- Fjárhagsnefnd og stefnumótunardeild, Maron Pétursson formaður
- Alsherjarnefnd, Guðni Guðnason formaður
- Laganefnd, starfar ekki

13. **Fjárhagsáætlun lögð fram,** Maron Pétursson leggur fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2010, áætlunin liggur fyrir þinginu. Hún er merkt sem þingskjal 1b.

**14. Aðrar tillögur lagðar fram.**

- **tólf tillögur frá stjórn – merktar 2 – 13 og liggja fyrir þinginu.**

Tillaga nr. 2 merkt sem þingskjal 2

**11. ársþing HSV haldið í Ísafjarðarbæ 10. maí 2011**, skorar á Ísafjarðarbæ og Súðarvíkurhrepp að styðja dyggilega við íþrótt- og æskulýðsstarf.

Greinargerð:

Íþrótt- og æskulýðsstarf hefur gríðalega mikla þýðingu fyrir mannlífið á hverjum stað. Sýnir það best á þeim fjölmörgu iðkendum og félögum innan aðildarféлага HSV. Öflugt íþrótt- og tómstundastarf gerir að margra mati sveitarfélög samkeppnishæfari þegar fjölskyldur og einstaklingar velja sér búsetu. Því er mikilvægt að sveitarfélögin styðji vel við bakið á íþróttahreyfingunni svo halda megj áfram því góða starfi sem unnið er innan hennar.

Lögð fram af Maroni Péturssyni

Vísað til alsherjarnefndar

Tillaga nr. 3 merkt sem þingskjal 3.

**11. ársþing HSV haldið í Ísafjarðarbæ 10. maí 2011**, skorar á Ísafjarðarbæ að halda áfram samstarfi við HSV með verkefnasamningi. Einnig er skorað á Ísafjarðarbæ að horfa til HSV þegar verkefni myndast hjá Ísafjarðarbæ svo hægt sé að stækka og styrkja verkefnasamninginn.

Greinargerð:

Verkefnasamningur Ísafjarðarbæjar og HSV hefur sannað gildi sitt. Samningurinn er gríðalega mikilvægur fyrir Íþróttafélögin í bænum og geta þau með auknu fjármagni þjónustað iðkendur sína enn betur. Enginn vafi er heldur að Ísafjarðarbæ nýtur einnig góðs af þessu ekki einungis með betra íþróttalífi í bænum heldur fær sveitarfélagið verkefni sín mjög vel unnin fyrir mjög sanngjarna greiðslu.

Lögð fram af Maroni Péturssyni

Vísað til alsherjarnefndar

Tillaga nr. 4 merkt sem þingskjal 4.

**11. ársþing HSV haldið í Ísafjarðarbæ 10. maí 2011**, hvetur aðildarfélög sín til að vinna að því í samstarfi við HSV að styðja við tippaleik félagana með öllum þeim hætti sem mögulega þarf til við að byggja upp tekjur með Tippaleiknum. Þingið samþykkir einnig að aðildarfélög stofni tippnefnd sem inniheldur fólk sem aðildarfélögin skipa og mun HSV styðja nefndina af fullum þunga.

Greinargerð: Tippaleikur HSV getur með sameiginlegu átaki orðið góð tekjulind fyrir aðildarfélög HSV. Árið 2007 þegar leikurinn var í sem hæstu hæðum fengu íþróttafélögin rúma 760.000 kr út úr leiknum. Þvi miður hefur leikurinn dottið niður undanfarið en ekki er ólíklegt að hægt auka þessa upphæð verulega ef allir leggjast á eitt.

Lögð fram af Erlu Jónsdóttur

Vísað til fjárhags- og stefnumótunarnefndar.

Tillaga nr. 5 merkt sem þingskjal 5.

**11. ársþing HSV haldið í Ísafjarðarbæ 10. maí 2011**, hvetur ríkisstjórn til að auka framlög í ferðasjóð íþróttafélaga eins og fyrirheit höfðu verið gefin um.

Greinargerð: Ferðasjóður íþróttafélaganna hefur svo sannarlega sannað gildi sitt og er gríðalega mikilvægur fyrir íþróttafélögin í landinu og sérstaklega á landsbyggðinni. Mikilvægt er að íþróttafélögin hvetji ríkisstjórnina til að halda áfram með ferðasjóðinn og auka framlög í hann um leið og tækifæri gefst.

Lögð fram af Erlu Jónsdóttur

Vísað til fjárhags-og stefnumótunarnefndar

**Tillaga nr. 6** merkt sem þingskjal 6.

**11. ársþing HSV haldið í Ísafjarðarbæ 10. maí 2011**, hvetur aðildarfélög til að mæta öflug, sem aldrei fyrr, á 14. Unglingalandsmót á Egilstöðum 2011. Stjórn HSV er falið að skipa þriggja manna Unglingalandsmótsnefnd sem sér um yfirfararstjórn á mótinu og vinni með félögunum að skipulagningu ferðarinnar.

Lögð fram af Erlu Jónsdóttur

Vísað til alsherjarnefndar

**Tillaga nr. 7** merkt sem þingskjal 7

**11. ársþing HSV haldið í Ísafjarðarbæ 10. maí 2011**, færir Ísafjarðarbæ, Súðarvíkurhrepp, bæjarstjórn og íþrótt og tómstundanefnd þakkir fyrir þeirra stuðning við HSV á liðnum árum og hvetur til þess að haldið verði áfram á sömu braut.

Lögð fram af Ara Hólmsteinssyni

Vísað til alsherjarnefndar

**Tillaga nr. 8** merkt sem þingskjal 8.

**11. ársþing HSV haldið í Ísafjarðarbæ 10. maí 2011**, þakkar unglíngalandsmótsnefnd, keppendum, þjálfurum og öðrum þeim sem tóku þátt í Unglíngalandsmóti UMFÍ í Borgarnesi sl.sumar. Fyrirtækinu Landflutningar og 3X Technology eru færðar sérstakar þakkir fyrir stuðningin við mótið

Lögð fram af Ara Hólmsteinssyni

Vísað til alsherjarnefndar

**Tillaga nr. 9** merkt sem þingskjal 9.

**11. ársþing HSV haldið í Ísafjarðarbæ 10. maí 2011**, hvetur aðildarfélög sín og deildir til að gerast Fyrirmyndarfélag ÍSÍ.

Greinargerð: Íþróttahreyfingin gerir kröfur til samfélagsins um stuðning, bæði aðgang að mannvirkjum og beinan fjárstuðning. Íþróttahreyfingin vill að litið sé á þennan stuðning sem endurgjald fyrir þjónustu sem hún veitir öllum þegnum samfélagsins. Til þess að slíkar kröfur séu trúverðugar og réttlætanager þarf íþróttahreyfingin að sýna það í verki að hún geri raunhæfar kröfur til sjálfrar sín hvað varðar gæði og innihald þess starfs sem hún vinnur. Þetta hefur hún gert með samþykkt stefnuýfirlýsinga um afmarkaða málaflokka, þar sem fram kemur að hvernig starfi sé stefnt. Slíkar

stefnuyfirlýsingar hafa m.a. verið samþykktar um barna- og unglingsstarf, menntun þjálfara og forvarnastarf.

Með því að taka upp gæðaviðurkenningu fyrir íþróttastarf geta íþróttafélög eða deildir látið gera úttekt á starfsemi sinni eða hluta hennar miðað við þær gæðakröfur sem íþróttahreyfingin gerir. Standist þau þessar kröfur fá þau viðurkenningu á því frá ÍSÍ og geta kallað sig Fyrirmyndarfélag eða Fyrirmyndardeild.

Lögð fram af Ara Hólmsteinssyni

Vísað til fjárhags- og stefnumótunarnefndar

#### **Tillaga nr. 10** merkt sem þingskjal 10

**11. ársþing HSV haldið í Ísafjarðarbæ 10. maí 2011**, skorar á aðildarfélag sambandsins að banna tóbaks- og vímuefnanotkun í öllu ungmenna- og íþróttastarfi félaganna, þar með talið munntóbak. Þingið hvetur jafnframt til aukinnar fræðslu um skaðsemi tóbaks- og vímuefnanotkunar. Þingið leggur einnig til að á íþróttakeppnum og öðrum íþróttatengdum viðburðum HSV verði tóbaks- og vímuefnanotkun bönnuð.

Greinagerð: Áfengis, tóbaks og önnur vímuefnanotkun á aldrei að heima innan íþróttakeppna og/eða öðrum íþróttatengdum viðburðum. Hér er meðal annars átt við íþróttakeppni, í íþróttuferðum hvort sem er þegar farið er til keppnisstaðs, á keppnisstað eða þegar farið er heim frá keppnisstað. Þetta á við hvort sem um iðkanda, þjálfara eða fararstjóra er að ræða í ferðum á vegum íþróttafélags eða á heimavelli.

Lögð fram af Margréti Högnadóttur

Vísað til fjárhags- og stefnumótunarnefndar

#### **Tillaga nr. 11** merkt sem þingskjal 11

**11. ársþing HSV haldið í Ísafjarðarbæ 10. maí 2011**, hvetur Alþingi Íslendinga til að standa vörð um Íslenska getspá og þá fjármuni sem veittir eru til íþrótt- og æskulýðsmála.

Greinagerð: Sala í leikjum Íslenskrar getspár og Íslenskra getrauna hefur skipt sköpum fyrir starfsemi íþróttahreyfingarinnar á Íslandi. eru þessi fyrirtæki í eigu íþróttahreyfingarinnar og er afkoma þeirra afar mikilvæg fyrir íþróttastarf í landinu. Það er því mikilvægt að Alþingi Íslendinga festi ennfrekar í sessi að fyrirkomulag lottó og getrauna verði óbreytt í framtíðinni.

Lögð fram af Margréti Högnadóttur

Vísað til fjárhags- og stefnumótunarnefndar

#### **Tillaga nr. 12** merkt sem þingskjal 12

**11. ársþing HSV haldið í Ísafjarðarbæ 10. maí 2011**, ákveður að öll aðildarfélag HSV verði í eins utanyfirbúningum, t-bolum og peysum. Farið verður eftir vali búninganefndar HSV sem skilaði niðurstöðum í mars 2011.

Greinagerð: Búninganefnd HSV hefur nú skilað af sér niðurstöðum út vinnu sem unnin og byrjaði á síðasta ári. Búninganefnd var sett á laggirnar eftir að formannafundur HSV tók þá ákvörðun um að stjórn HSV myndi fara í þá vinnu að kanna möguleika á sameiginlegum utanyfirbúningum. Telur stjórn HSV þetta gott skref fyrir íþróttafélögin sem og samfélagið í heild.

Lögð fram af Jóni Páli

Vísað til alsherjarnefndar

**Tillaga nr. 13** merkt sem þingskjal 13

**11. ársþing HSV haldið í Ísafjarðarbæ 10. maí 2011**, hvetur stjórn að vinna að stofnun íþróttaskóla samkvæmt samningi við Ísafjarðarbæ.

Greinagerð: Stjórn HSV hefur lengi unnið að því verkefni að stofna íþróttaskóla HSV fyrir börn í fyrstu fjórum bekkjum grunnskólans. Stjórn HSV hefur kynnt þetta verkefni á formannafundum og ársþingum. Í nýjum samstarfssamningi HSV við Ísafjarðarbæ var samið um að HSV setji á fót áður nefndan íþróttaskóla. Markmið íþróttaskólans er að fjölga iðkendum, auka fjölbreytni þjálfunar, leggja áherslu á hreyfiproska, fjölbreytni hreyfinga, börn fá að kynna mörgum íþróttagreinum og að börn fái jákvæð fyrstu kynni af íþróttaiðkun. Auka gæði þjálfunar og lækka kostnað iðkenda. Mikilvægt er að öll íþróttahreyfingin styðji við bakið á verkefninu.

Lögð fram af Jóni Páli

Vísað til fjárhags- og stefnumótunarnefndar

**15. Nefndarstörf.** Kl. 19.15 hefjast nefndarstörf

kl. 20.15 eftir kaffi hefst dagskráin aftur með lið 7, ávarpi gesta.

**7. ávarp gesta** Gunnar Gunnarsson frá UMFÍ, flytur kveðjur frá stjórn og starfsfólki UMFÍ og rennir yfir verkefni sem eru í gangi. Bendir líka á heimasíðuna, blaðið og ýmsa sjóði sem hægt er að sækja styrki í. Sambandsfundur UMFÍ verður haldinn á Ísafirði í maí.

Líney Rut Halldórsdóttir frá ÍSÍ óskar HSV til hamingju með ársskýrsluna og fjárhagsáætlunina. Hún flytur kveðjur frá forseta ÍSÍ, stjórn og starfsmönnum. Ýtir á 5 félög HSV sem eiga eftir að skila í Felix og ræðir um 3 svið ÍSÍ. Minnir að lokum á slysabótasjóð, ferðasjóð og hvetur fólk til að hringja í starfsmenn ef það vantar aðstoð.

**16. Afgreiðsla á áliti nefnda.** Fyrst var farið yfir störf alsherjarnefndar. Guðni Guðnason fór yfir tillögurnar.

**Tillaga 2 og 7** settar saman í eina tillögu: 11. ársþing HSV haldið í Ísafjarðarbæ 10. maí 2011 færir Ísafjarðarbæ og Súðavíkurbreppi þakkir fyrir þeirra stuðning við HSV á liðnum árum. Jafnframt skorar þingið á sveitarfélögin að styðja áfram dyggilega við íþróttá- og æskulýðsstarf.

Þessi tillaga kallast **2a** og er samþykkt samhljóða

**Tillaga 3** í greinagerð á henni voru gerðar orðalagsbreytingar en hún heldur sömu merkingu. Merkt sem þingskjal 3a og samþykkt samhljóða

**Tillaga 6 og 8** settar saman í eina tillögu: 11. ársþing HSV haldið í Ísafjarðarbæ 10. maí 2011 þakkar unglíngalandsmótsnefnd, keppendum, þjálfurum og öðrum þeim sem tóku þátt í Unglíngalandsmóti UMFÍ í Borgarnesi s.l. sumar. Fyrirtækjunum Landflutningar og 3X Technology eru færðar sérstakar þakkir fyrir stuðninginn við mótið. Jafnframt hvetur þingið aðildarfélög til að mæta öflug sem aldrei fyrr á 14. Unglíngalandsmótið á Egilsstöðum 2011. Stjórn HSV er falið að

skipa þriggja manna unglingslandsmótsnefnd sem sér um yfirfararstjórn á mótinu og vinnur með félögunum að skipulagningu ferðarinnar.

Þessi tillaga kallast **8a** og er samþykkt samhljóða.

**Tillaga 12.** Á henni voru gerðar orðalagsbreytingar: 11. ársþing HSV haldið í Ísafjarðarbæ 10. maí 2011 samþykkir niðurstöðu búninganefndar HSV frá því í mars s.l. og mælist til að aðildarfélög HSV verði í eins utanyfirbúningum, stuttermabolum og peysum.

Verður tillaga **12a** og er samþykkt samhljóða.

Svo var það störf fjárhags-og stefnumótunarnefndar. Maron Pétursson fór yfir tillögurnar.

**Tillaga 1,** fjárhagsáætlun. Sótt er til UMFÍ og ÍSÍ fyrir íþróttaskólann. Alltaf er reynt að afla fjár. Tillagan er lögð fram óbreytt en umræðar um þingskjal 1 er geymd og haldið áfram með hinar tillögurnar

Tillaga 4. Borin fram óbreytt. Óðinn Gestsson telur að stjórnin ætti að vinna meira í þessu og Maron segir að skilningurinn sé réttur. Samþykkt samhljóða

**Tillaga 5.** Borin fram óbreytt. Fólk vill sleppa síðustu orðunum úr greinagerðinni. Samþykkt samhljóða.

**Tillaga 9.** Borin fram óbreytt. Líney segir að sveitarfélög umbuni fyrirmyndarfélögum og starfsmaður ÍSÍ á Akureyri aðstoði alla við þessa framkvæmd. Samþykkt samhljóða.

**Tillaga 10.** Lítillega breytt, nef-og bætt framan við munntóbak, samþykkt samhljóða.

**Tillaga 11** Bætt var við hana: 11. ársþing HSV haldið í Ísafjarðarbæ 10. maí 2011 hvetur Alþingi Íslendinga til að standavörð um íslenska getsþá og þá fjármuni sem veittir eru til íþrótt-og æskulýðsmála og festa í sessi um ókomna framtíð núverandi fyrirkomulag lottó og getrauna.

Þessi tillaga kallast **11a** og er samþykkt samhljóða

**Tillaga 13** borin fram óbreytt og samþykkt samhljóða.

**Tillaga 1,** fjárhagsáætlun, orðið er laust.

Óðinn Gestsson spyr um bls. 7 í fjárhagsáætluninni. Hvers vegna minnkar framlag Ísafjarðarbæjar til félaga í formi notkunar íþróttamannvirkja? Jón Páll svarar því, það er vegna þess að skíðasvæðið er tekið út (skipt á milli bókhaldslykla) svo í raun er um hækkun að ræða. En enginn veit hvað varð um skíðasvæðið.

Svo er spurt hvernig skipting sé á milli félaga. Það hefur aldrei verið reiknað út. Óðinn vill fá sundurliðað hvernig þetta skiptist (líka fótboltavöllur og sundlaug) og mun stjórnin reyna það. Óðni finnst skipta máli að vita um framlag til hvers félags.

Síðan var áætlunin borin upp og samþykkt samhljóða.



## 17. Önnur mál

Jón Hálfván Pétursson f.hönd BÍ og meistaraflokks BÍ/Bolungarvíkur vill þakka stjórn HSV og Kristjáni Þór Kristjánssyni framkvæmdastjóra fyrir vinnuna við leyfiskerfi KSÍ.

Jón Páll Hreinsson veitir heiðursviðurkenningu. Ásdís Birna Pálsdóttir Skelli fær silfurmerki HSV.

Sigmundi Þórðarsyni finnst þingið hafa gengið vel og vill m.a. þakka það formannafundunum og vill að þeir haldi áfram.

Hermann Níelsson býður ölluim á glímumót á sunudaginn (Vestfirðingabeltið og minningar mót um Guðmund kóngabana) Byrjaði fyrir 8 árum eftir 76 ára hlé. Íslandsglíman verður svo haldin hér á næsta ári (Grettisbeltið). Hefur bara verið haldin 3svar utan Reykjavíkur á 100 árum.

## 18. Kosningar

**Kosning formanns.** Stjórn HSV gerir tillögu um Jón Pál Hreinsson. Kosinn með lófaklappi

**Kosning tveggja stjórnarmanna til tveggja ára.** Stjórn gerir tillögu um Maron Pétursson og Erlu Jónsdóttur. Jón Hálfván Pétursson býður sig líka fram. Því fer fram leynileg kosning.

Fyrst kynna frambjóðendur sig stuttlega.

Niðurstaða kosningar:

Erla Jónsdóttir	32 atkvæði
Maron Pétursson	24 atkvæði
Jón H. Pétursson	16 atkvæði

Kosningin lögleg og Erla og Maron því rétt kjörin til stjórnarsetu.

**Kosning þriggja manna í varastjórn.** Stjórn gerir tillögu um Margréti Högnadóttur, Ara Hólmsteinsson og Jóhann Króknes Torfason. Þau eru réttkjörin með lófataki.

**Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.**

Guðmundur Kjartansson aðal

Bjarki Bjarnason aðal

Finnur Magnússon vara

Óðinn Gestsson vara

Kosnir með lófaklappi.

**Kosning í afreksmannasjóð** Tillaga stjórnar HSV:

Jón Páll Hreinsson

Maron Pétursson

Martha Ernstsóttir

Samþykkt með lófaklappi

**Varamenn**

Heimir Hansson

Erla Jónsdóttir

Samþykkt með lófaklappi.

**Kosning í stjórn styrktarsjóðs þjálfara.** Tillaga stjórnar HSV:

Jón Páll Hreinsson

Gylfi Gíslason

Erla Jónsdóttir

Kosin með lófaklappi.

**19. Kosninga til þings UMFÍ skv.lögum UMFÍ á því ári sem þing þess er haldið.** Tillaga stjórnar er að snúa því til stjórnar HSV að finna fulltrúa á þingið. Það var samþykkt.

Marínó þakkar fyrir sig og gefur Jóni Páli orðið.

**20. Þingslit**

Jón Páll Hreinsson slítur þingi kl.21:45